

Könnun Sambands íslenskra sveitarfélaga um innleiðingu hringrásarhagkerfisins



15. júlí 2023

Um könnunina

Um áramótin komu til framkvæmda ýmis ákvæði laga nr. 103/2021 sem sett voru vegna innleiðingar hringrásarhagkerfis þar sem sveitarfélög gegna lykilhlutverki. Samband íslenskra sveitarfélaga setti á könnun í þremur hlutum í mars til maí sl. til að kanna stöðu málaflokksins og innleiðingar laganna. Könnunin var framhald af fyrri könnunum sem framkvæmdar voru haustið 2021 og sumarið 2022.

Könnunin var unnin í tengslum við átakið *Samtaka um hringrásarhagkerfi* sem sambandið ýtti úr vör með aðstoð umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins. Markmið átaksins er að aðstoða sveitarfélög við að innleiða nýleg lagaákvæði. Ákveðið var að skipta könnuninni upp í þrjá hluta vegna umfangs hennar. Skoðað var sérstaklega í fyrsta hlutanum stöðu stefnumótunar og samþykka, annar breytta innheimtu og þriðji sérstaka söfnun. Frestur veittur til að svara var til 5. maí 2023 og óskað var eftir einu svari frá hverju sveitarfélagi. Einnig að starfsfólk eða sveitarstjórnarfolk á vegum sveitarfélagsins svaraði könnuninni og að það yrði á höndum þess sem best þekkti til úrgangsstjórnunar í sveitarfélaginu. Alls bárust svör frá 55 sveitarfélögum í einn eða fleiri hluta könnunarinnar en þátttakan var mismunandi eftir hlutum og skiptist svo:

HLUTAR KÖNNUNAR	SPURNINGAR	FJÖLDI SVARA	ÚTGÁFUDAGUR
HLUTI 1	1 til 19	53	13. mars 2023
HLUTI 2	20 til 32	47	27. mars 2023
HLUTI 3	33 til 46	40	19. apríl 2023

Svör bárust frá eftirfarandi sveitarfélögum:

Akureyrarbær	Árneshreppur	Ásahreppur
Bláskógabyggð	Borgarbyggð	Dalabyggð
Dalvíkurbyggð	Eyjafjarðarsveit	Fjallabyggð
Fjarðabyggð	Fljótaldalshreppur	Flóahreppur
Garðabær	Grímsnes- og Grafningshreppur	Grindavíkurbær
Grýtubakkahreppur	Hafnarfjarðarkaupstaður	Hörgársveit
Hrunamannahreppur	Húnabyggð	Húnaþing vestra
Hvalfjarðarsveit	Ísafjarðarbær	Kaldrananeshreppur
Kjósarhreppur	Kópavogsbær	Langanesbyggð
Mosfellsbær	Múlaþing	Mýrdalshreppur
Norðurþing	Rangárþing eystra	Rangárþing ytra
Reykholahreppur	Reykjanesbær	Reykjavíkurborg
Seltjarnanesbær	Skagabyggð	Skagafjörður
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	Skorradalshreppur	Snæfellsbær
Strandabyggð	Suðurnesjabær	Svalbarðsstrandahreppur
Sveitarfélagið Árborg	Sveitarfélagið Hornafjörður	Sveitarfélagið Skagaströnd
Sveitarfélagið Stykkishólmur	Sveitarfélagið Vogar	Þingeyjarsveit
Vestmannaeyjabær	Vesturbyggð	Vopnafjarðahreppur

Niðurstöður eru oftast settar fram á myndrænu formi og hefur texti í svörum við opnum spurningum í einhverjum tilfellum verið breytt til að koma í veg fyrir að hægt sé að rekja þau til ákveðinna sveitarfélaga.

Efnisyfirlit


Hluti 1. Spurningar 1 til 19 - Stefnumótun og samþykktir.....	5
Spurning 1. Er í gildi svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu skv. 6. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs?.....	5
Spurning 2. Ef já, vinsamlega settu inn hlekk á svæðisáætlunina.	5
Spurning 3. Hvernig stendur vinna við gerð nýrrar svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs skv. 6. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs?	6
Spurning 4. Vinnur sveitarfélagið að sameiginlegri svæðisáætlun fyrir meðhöndlun úrgangs með öðrum sveitarfélögum?	6
Spurning 5. Hefur sveitarfélagið hafið innleiðingu samræmdra merkinga fyrir flokkun úrgangs skv. lögum nr. 103/2021? Í lögnum er skylt að nota samræmdar merkingar fyrir pappír og pappa, málma, plast, gler, lífúrgang, textíl og spilliefni.....	7
Spurning 6. Takið afstöðu til eftirfarandi fullyrðingar um stefnu sveitarstjórnar: „Sveitarfélagið er hlynnt samræmdri flokkun úrgangs yfir landið allt”.....	7
Spurning 7. Hvaða aðgerðir mun sveitarfélagið ráðast í á næstu árum til þess að koma á samræmdri flokkun um landið allt?.....	8
Spurning 8. Ef sveitarfélagið ætlar ekki í aðgerðir til þess að innleiða samræmda flokkun úrgangs yfir land allt, hvaða ástæður liggja að baki? (Skilið auðu ef ekki á við)	9
Spurning 9. Hversu líklegt telur þú að aukin samvinna um úrgangsjónustu við nágrannasveitarfélög skapi aukna hagræðingu?	10
Spurning 10. Takið afstöðu til eftirfarandi fullyrðingar um stefnu sveitarstjórnar: „Mikilvægt er að koma upp innlendri brennslu með orkunýtingu fyrir brennanlegan úrgang sem ekki er hægt að endurnota eða endurvinna”.....	10
Spurning 11. Hversu líklegt telur þú að sveitarfélagið óski eftir undanþágu frá ákvæðum laga nr. 103/2021 um sérstaka söfnun í þéttbýli?.....	11
Spurning 12. Hver er staðan á samþykkt sveitarfélagsins um meðhöndlun úrgangs skv. 8. gr. laga um meðhöndlun úrgangs?	12
Spurning 13. Hvenær er áætlað að ljúka endurskoðun samþykktar um meðhöndlun úrgangs?.....	13
Spurning 14. Samkvæmt lögum skulu sveitarstjórnir annast gerð upplýsingaefnis um úrgangsforvarnir og meðferð úrgangs í sveitarfélaginu og fræða almenning, rekstraraðila og handhafa úrgangs um úrgangsmál í samvinnu við hlutaðeigandi heilbrigðisnefndir. Hvað fræðslu hefur sveitarfélagið ráðist hvað varðar meðhöndlun úrgangs? Merkið við allt sem við á.	14
Spurning 15. Tilgreint hvaða fræðsla hefur farið fram.....	15
Spurning 16. Hversu sammála ert þú eftirfarandi fullyrðingu: „Sveitarfélagið hefur fullnægjandi og sannreynanlegar upplýsingar um afdrif úrgangs sem fellur til í sveitarfélaginu.”	15
Spurning 17. Hefur sveitarfélagið nýtt sér þjónustu Sambands íslenskra sveitarfélaga til aðstoðar í úrgangsmálum á síðastliðnu ári?	16

Spurning 18. Hvaða aðstoð hefur sveitarfélagið nýtt sér frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga vegna meðhöndlunar úrgangs?	16
Spurning 19. Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri? Til dæmis athugasemdir við spurningarnar, spurningar til okkar eða upplýsingar sem þú telur koma okkur til góða í okkar vinnu.	17
Hluti 2. Spurningar 20 til 32 – Breytt innheimta og endurskoðun gjaldskrár	18
Spurning 20. Hefur sveitarfélagið hafið innheimtu fyrir meðhöndlun úrgangs eftir Borgað þegar hent er kerfi eins og lög 103/2021 gera ráð fyrir?.....	18
Spurning 21. Hver er staðan á endurskoðun gjaldskrár fyrir meðhöndlun úrgangs m.t.t. Borgað þegar hent er innheimtu?	18
Spurning 22. Sveitarfélagið stefnir að/hefur þegar innleitt BÞHE kerfi við heimili og notast við eftirfarandi leið til að meta magn og tegund úrgangs:.....	19
Spurning 23. Sveitarfélagið stefnir að/hefur þegar innleitt BÞHE kerfi á grenndarstöðvum og notast við eftirfarandi leið til að meta magn og tegund úrgangs:.....	19
Spurning 24. Sveitarfélagið stefnir að/hefur þegar innleitt BÞHE kerfi á söfnunar- og móttökustöðvum og notast við eftirfarandi leið til að meta magn og tegund úrgangs:	20
Spurning 25. Ef valið var svarmöguleikinn „annað“ í einhverri af síðustu þremur spurningum, hvaða útfærslu er átt við?	21
Spurning 26. Ef farin er rúmmálsleiðin við heimili, hvernig verður tekið við beiðnum um breytingar á þjónustu?	22
Spurning 27. Takið afstöðu til eftirfarandi fullyrðingar: „Sveitarfélagið mun ná að innheimta a.m.k. 75% kostnaðar sem breytilegt gjald árið 2025.“	22
Spurning 28. Hversu líklegt er að gjöld vegna meðhöndlun úrgangs verði áfram innheimt með fasteignagjöldum í gegn um álagningakerfi HMS þegar BÞHE kerfi er innleitt?.....	23
Spurning 29. Hvað af eftirfarandi innviðum er líklegt að muni vera fjárfest í til að innleiða eða þróa áfram BÞHE kerfi í sveitarfélaginu?	23
Spurning 30. Hvað af eftirfarandi útgjaldaliðum vegna meðhöndlunar úrgangs gæti sveitarfélagið tekið saman vegna kostnaðar vegna söfnunar við heimili á vegum sveitarfélagsins hvort sem það sinnir þjónustunni sjálft eða í gegnum samning við þjónustuaðila?	24
Spurning 31. Hvað af eftirfarandi útgjaldaliðum vegna meðhöndlun úrgangs gæti sveitarfélagið tekið saman vegna kostnaðar vegna rekstur grenndar-, söfnunar- og móttökustöðva á vegum sveitarfélagsins hvort sem það sinnir þjónustunni sjálft eða í gegnum samning við þjónustuaðila? .	25
Spurning 32. Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri? Til dæmis athugasemdir við spurningarnar, spurningar til okkar eða upplýsingar sem þú telur koma okkur til góða í okkar vinnu.	26
Hluti 3. Spurningar 33 til 46 – Fyrirkomulag úrgangssöfnunar	27
Spurning 33. Hversu mörg stöðugildi hjá sveitarfélaginu tengjast úrgangsstjórnun?.....	27
Spurning 34. Hverju er sérstaklega safnað frá heimilum í sveitarfélaginu? Merkið við allt sem við á.	28

Spurning 35. Hverju er sérstaklega safnað frá lögaðilum (rekstraraðilum) í sveitarfélaginu? Athugið að hægt er að merkja við margt í einu, merkið við allt sem við á.....	29
Spurning 36. Er sérstök söfnun heimilisúrgangs í sveitarfélaginu í samræmi við lög nr. 103/2021? ..	30
Spurning 37. Ef nei, hvenær er áætlað að sérstök söfnun í samræmi við lög nr. 103/2021 verði komin í framkvæmd?	31
Spurning 38. Veljið allt sem við á um skipulag og hönnun mannvirkja í sveitarfélaginu:	32
Spurning 39. Veljið allt sem á við um söfnun lífúrgangs í sveitarfélaginu:.....	33
Spurning 40. Veljið allt sem á við um meðhöndlun textíls í sveitarfélaginu:	34
Spurning 41. Stendur til að bjóða út eftirfarandi verkefni á næstu 12 mánuðum?	35
Spurning 42. Hver er reynslan af framkvæmd umsaminna verkefna tengdum meðhöndlun úrgangs á samningstíma við þjónustuaðila?.....	36
Spurning 43. Frá áramótum á Úrvinnslusjóður að greiða fyrir sérstaka söfnun á pappír og pappa, plasti, gleri, málmum, viði, spilliefnum og öðrum umbúðum og vörum sem bera úrvinnslugjald. Greiðslurnar miðast við upplýsingar frá skráðum þjónustuaðila Úrvinnslusjóðs sem oftast er verktaki sem sveitarfélagið semur við. Hvaða undirbúningur hefur átt sér stað innan sveitarfélagsins vegna þessara breytinga?	37
Spurning 44. Vinsamlega tilgreinið annars konar undirbúning sem átt hefur sér stað:.....	38
Spurning 45. Úrvinnslusjóður greiðir einungis skráðum þjónustuaðilum fyrir ráðstöfun úrgangs og flutning. Sveitarfélög geta orðið þjónustuaðilar Úrvinnslusjóðs og fengið greiðslurnar beint til sín. Hvernig er greiðslum háttáð úr Úrvinnslusjóði vegna úrgangs sem til fellur í sveitarfélaginu?	39
Spurning 46. Vinsamlega tilgreinið ef fyrirkomulag er með öðrum hætti:	40
Spurning 47. Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri? Til dæmis athugasemdir við spurningarnar, spurningar til okkar eða upplýsingar sem þú telur koma okkur til góða í okkar vinnu.	40

Hluti 1. Spurningar 1 til 19 - Stefnumótun og samþykktir

Spurning 1. Er í gildi svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu skv. 6. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs?




Spurning 2. Ef já, vinsamlega settu inn hlekk á svæðisáætlunina.

Samtals bárust 31 svar með hlekkjum á gildandi svæðisáætlanir.


Spurning 3. Hvernig stendur vinna við gerð nýrrar svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs skv. 6. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs?

Hvar stendur vinna við gerð nýrrar svæðisáætlunar?




Spurning 4. Vinnur sveitarfélagið að sameiginlegri svæðisáætlun fyrir meðhöndlun úrgangs með öðrum sveitarfélögum?


Vinnur sveitarfélagið að sameiginlegri svæðisáætlun fyrir meðhöndlun úrgangs með öðrum sveitarfélögum?



Spurning 5. Hefur sveitarfélagið hafið innleiðingu samræmdra merkinga fyrir flokkun úrgangs skv. lögum nr. 103/2021? Í lögum er skylt að nota samræmdar merkingar fyrir pappír og pappa, málma, plast, gler, lífúrgang, textíl og spilliefni.



Spurning 6. Takið afstöðu til eftirfarandi fullyrðingar um stefnu sveitarstjórnar: „Sveitarfélagið er hlynnt samræmdri flokkun úrgangs yfir landið allt“.



Spurning 7. Hvaða aðgerðir mun sveitarfélagið ráðast í á næstu árum til þess að koma á samræmdri flokkun um landið allt?

„Sveitarfélagið hefur innleitt samræmda flokkun að öllu leyti - unnið er að uppfærslu á grenndarstöðvum.“

„Endurskipulagning móttökustöðvar í sveitarfélaginu. Framkvæmdir hefjast í vor.“

„Sveitarfélagið hefur um árabil unnið eftir þeirri flokkun heimilisúrgangs sem nú er orðin skylda.“

„Sveitarfélagið mun innleiða 4 flokka kerfi við húsvegg og innleiða líka rukkað þegar hent er útfærslan er í vinnslu og er ýmis forvinna sem þarf að vinna til að geta innleitt kerfið sem skildi.“

„Sveitarfélagið mun taka upp fjögurra flokka kerfi við heimili. Þegar er grenndarstöð í sveitarfélaginu fyrir pappa, pappír, plast, gler og málmumbúðir. Þá er einnig fatagámur frá Rauða krossinum í sveitarfélaginu og unnið er að fjölgun þeirra. Unnið er að gerð kynningarefnis og upplýsingum á heimasíðu sveitarfélagsins en reynt verður að nýta kynningarefni Sorpu og á sveitarfélagið í góðu samstarfi við Sorpu um þessi mál.“

„Setja upp grenndarstöðvar og auka flokkun heim við hús.“

„Sveitarfélagið hefur þegar hafið fjögurra tunnu flokkun við heimili og vinnur nú þegar í anda samræmdrar flokkunar um allt land.“

„Klára innleiðingu í sveitarfélaginu öllu. Hluti dreifbýlis er eftir.“

„Nota merkingar Fenúr og sömu flokkunartunnur og Hringrásarhagkerfið segir til um að skuli nota.“

„Innleiða þær lagabreytingar sem voru gerðar og gilda frá síðustu áramótum.“

„Sveitarfélagið hóf vinnu við samræmingu á starfssvæði þjónustuaðila sem svo teygðist yfir á starfssvæði annars þjónustuaðila. Við tölum mikið um mikilvægi þess að flokkun sé einföld og einsleit því það muni skila sér í magni og gæðum endurvinnsluefna á landsvísu.“

„Verið er að innleiða kerfi fyrir sumarið 2023.“

„Fylgja innleiðingu í samvinnu með Sambandi íslenskra sveitarfélaga.“

„Vera leiðandi og styðjandi í samræmdri flokkun, Höfum unnið með fjórflokkun frá 2018 og erum í mikilli endurskoðun flokkunar á Móttökustöð Sorpstöðvarinnar á Strönd.“

„Styðja við og kynna þá vegferð sem er hafin.“

„Samvinna á höfuðborgarsvæðinu er vinna sem búið er að leggja mikið í og önnur sveitafélög eru að horfa til.“

„Samstarf við önnur sveitarfélög.“

„Innleiðing samræmds flokkunarkerfis mun fylgja útboði á sorphirðu sem er í vinnslu.“

„Á árinu 2023 verður fjórða tunnan innleidd við öll heimili og grenndarstöðvum komið upp. Á árinu 2024 verður unnið að lausnum í frístundabyggðum.“

„Þarf að endurskipuleggja móttökusvæði til að vera í stakk búinn til að taka upp samræmda flokkun. Framkvæmdir hefjast í sumar.“

„Með kynningu og bætum upplýsingum á gámasvæði og grenndarstöðvum.“

„Höfum nú þegar verið að flokka eftir nýja samræmda kerfinu í nokkur ár, þ.e. með fjórum tunnum við hvert heimili og grenndarstöðvum.“

„Við erum að innleiða BÞHE og samræmda flokkun.“

Frh. á næstu bls.

„Sveitarfélagið ætlar að nýta 4 ílát undir úrgangsflokka við húsvegg og þau ílát verða merkt upp í samræmi við samdræmda flokkun. Tíu grenndarstöðvar eru auk þess víðs vegar um sveitarfélagið í tengslum við frístundabyggðir og er stefnt að bættum merkingum á svæðunum og gámunum í sumar.“

„Erum að flokka í fjögur ílát við heimili og söfnum gleri, málmum og textíl sem fer í grenndargám.“

„Fræðslu til íbúa.“

„Sveitarfélagið er að fara úr þriggja flokka söfnun við heimili í fjöggra flokka söfnun.“

„Vinum samkv. sameiginlegri svæðisáætlun og nýjum lögum um úrgangsmál.“

„Stuðla að samráði.“

„Samræma tunnur við aðra staði á landinu.“

„Tekið verður upp 4 tunnu kerfi í sorphirðu í samræmi við lögin.“

„Sveitarfélagið er í samstarfi við önnur sveitarfélög á höfðuborgarsvæðinu frekari upplýsingar má finna hér <https://www.sorpa.is/frodleikur/eitt-flokkunarkerfi-og-sofnum-a-matarleifum/>“

„Unnið er að innleiðingu nýrrar svæðisáætlunar á svæðinu, þá er unnið að gerð samræmdra útboðsgagna fyrir öll sveitarfélög við Eyjafjörð sem taka mið af nýjum lögum.“

„Merkingar verða uppfærðar, hirðing hefur lítilla verið aðlöguð og verður enn frekar á þessu ári. Sveitarfélagið hefur lengi flokkað og fer í dag mjög nærri því að uppfylla skilyrði laganna.“

„Sveitarfélagið mun taka þátt í samræmingu á starfssvæði Kólku.“

„Undirbúningur útboðs um sorphirðu og urðun er yfirstandandi sem tekur mið af samnorðnu flokkunarkerfi með 4 tunnum.“

„Taka þátt í stefnumótunavinnu með Sambandinu og öðrum sveitarfélögum.“


„Það er hafið í samstarfi við Sorpsamlag svæðisins. Sorpsamlagið hefur gert samkomlag við Sorpu bs og fer með alla endurvinnslu vöru til þeirra, ásamt því að vera orðin þjónusta aðili hjá Úrvinnslusjóð. Það sem heldur aftur af okkur eru annarsveggar kostnaður við innleiðingu því að við erum stórt svæði með fáir íbúar og hinsveggar krefst mikil vinnu að skilgreina, því útfæra og líka kenna fólk og okkur vantar mannafla.“

Spurning 8. Ef sveitarfélagið ætlar ekki í aðgerðir til þess að innleiða samræmda flokkun úrgangs yfir land allt, hvaða ástæður liggja að baki? (Skilið auðu ef ekki á við)

„Það hefur ekki komið til tals að sveitarfélagið beiti sér fyrir samræmdri flokkun á landsvísu.“


Spurning 9. Hversu líklegt telur þú að aukin samvinna um úrgangspjónustu við nágrannasveitarfélög skapi aukna hagræðingu?

Hversu líklegt telur þú að aukin samvinna um úrgangspjónustu við nágrannasveitarfélög, s.s. við sérstaka söfnun við heimil, rekstur grenndar-, söfnunar- og móttökustöðva og aðra meðhöndlun, skapi aukna hagræðingu?



Spurning 10. Takið afstöðu til eftirfarandi fullyrðingar um stefnu sveitarstjórnar: „Mikilvægt er að koma upp innlendri brennslu með orkunýtingu fyrir brennanlegan úrgang sem ekki er hægt að endurnota eða endurvinnna“.

Takið afstöðu til eftirfarandi fullyrðingar um stefnu sveitarstjórnar: „Mikilvægt er að koma upp innlendri brennslu með orkunýtingu fyrir brennanlegan úrgang sem ekki er hægt að endurnota eða endurvinnna“.




Spurning 11. Hversu líklegt telur þú að sveitarfélagið óski eftir undanþágu frá ákvæðum laga nr. 103/2021 um sérstaka söfnun í þéttbýli?

Athugið að til að geta fengið undanþágu þarf að uppfylla tiltekin skilyrði:


- blönduð söfnun tiltekinna tegunda úrgangs hafi ekki áhrif á möguleika til endurnýtingar þeirra úrgangstegunda og slík söfnun tryggi sambærileg gæði úrgangsins og fæst með sérstakri söfnun,
- sérstök söfnun skili ekki bestri heildarniðurstöðu fyrir umhverfið,
- sérstök söfnun sé ekki tæknilega möguleg, eða
- sérstök söfnun hafi í för með sér óhóflegan kostnað. (lög 103/2021)

Hversu líklegt telur þú að sveitarfélagið óski eftir undanþágu frá ákvæðum laga nr. 103/2021 um sérstaka söfnun í þéttbýli sem komu til framkvæmda 1. janúar 2023?




Spurning 12. Hver er staðan á samþykkt sveitarfélagsins um meðhöndlun úrgangs skv. 8. gr. laga um meðhöndlun úrgangs?

Hver er staðan á samþykkt sveitarfélagsins um meðhöndlun úrgangs samkvæmt 8. gr laga um meðhöndlun úrgangs m.t.t. nýlegra lagabreytinga?




Spurning 13. Hvenær er áætlað að ljúka endurskoðun samþykktar um meðhöndlun úrgangs?

Hvenær er áætlað að ljúka við endurskoðun samþykktar um meðhöndlun úrgangs?



Spurning 14. Samkvæmt lögum skulu sveitarstjórnir annast gerð upplýsingaefnis um úrgangsforvarnir og meðferð úrgangs í sveitarfélaginu og fræða almenning, rekstraraðila og handhafa úrgangs um úrgangsmál í samvinnu við hlutaðeigandi heilbrigðisnefndir. Hvað fræðslu hefur sveitarfélagið ráðist hvað varðar meðhöndlun úrgangs? Merkið við allt sem við á.

Hvaða fræðslu hefur sveitarfélagið ráðist í hvað varðar meðhöndlun úrgangs?



Spurning 15. Tilgreint hvaða fræðsla hefur farið fram.

„Unnið að upplýsingagjöf í samráði við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu og verður þetta vel kynnt.“

„Spurningin á ekki við í sveitarfélaginu.“

„Íbúar eru vanir flokkun til langs tíma og þurfa ekki mikla kynningu nú.“

„Lítill kynning hafin.“

„Facebook, maður á mann og heimsóknir í skóla.“

„Fræðsla mun hefjast þegar tímasetning upptöku 4 tunnu kerfis liggur fyrir.“

„Handbók send á öll heimili, upplýsingapóstur sendur á alla fasteignaeigendur, upplýsingapóstur sendur á fyrirtæki/atvinnurekendur + samfélagsmiðlar.“

„Efni kynnt á sérstakri vefsíðu.“

„Fræðsla og upplýsingagjöf hefur komið frá Sorpu fyrir okkar hönd um nokkurn tíma í helstu fjölmiðlum.“

„Í vinnslu að halda fundi.“


„Gengið í öll hús með kynningu og upplýsingar.“

„Engin fræðsla orðið, starfshópur skipaður í jan til að endurskoða málaflokkinn og útbúa fræðsluefni.“


„Upplýsingaspjöld með segli voru send á öll heimili og til allra nýrra íbúa.“

Spurning 16. Hversu sammála ert þú eftirfarandi fullyrðingu: „Sveitarfélagið hefur fullnægjandi og sannreynanlegar upplýsingar um afdrif úrgangs sem fellur til í sveitarfélaginu.“


Hversu sammála ert þú eftirfarandi fullyrðingu:
"Sveitarfélagið hefur fullnægjandi og sannreynanlegar upplýsingar um afdrif úrgangs sem fellur til í sveitarfélaginu."



Spurning 17. Hefur sveitarfélagið nýtt sér þjónustu Sambands Íslenskra sveitarfélaga til aðstoðar í úrgangsmálum á síðastliðnu ári?



Spurning 18. Hvaða aðstoð hefur sveitarfélagið nýtt sér frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga vegna meðhöndlunar úrgangs?



Spurning 19. Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri? Til dæmis athugasemdir við spurningarnar, spurningar til okkar eða upplýsingar sem þú telur koma okkur til góða í okkar vinnu.

„Þrátt fyrir að ekki verði óskað eftir undanþágu frá því að uppfylla skilyrði um sérstaka söfnun, þá hefur það í för með sér óhóflegan kostnað, kostnað sem sveitarfélagið hefur velt yfir á íbúa í samræmi við löggin, en er þó algjörlega ósættanlegt. Sveitarfélagið er í mikilli fjarlægð frá endamóttökustað úrgangs sem veldur því að kostnaður við flutning alls úrgangs frá svæðinu er dýr, en vegna þess hve þéttbýlisstaðirnir eru litlir er kostnaður við tæmingu jafnframt mikill.“

„Vinna þarf heimavinnu til að vera í stakk búnir til að mæta kröfum í lögnum. Það fessl í endurskipulagningu móttökustöðva.“

„Vinna við gerð svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs er í vinnslu. Málið hefur unnist hægar en vonir stóðu til en í desember 2021 hóf sveitarfélagið samstarf með öðrum sveitarfélögum um gerð sameiginlegrar svæðisáætlunar fyrir sveitarfélögin. Málið hefur tafist óþarflega mikið og því ákvað sveitarfélagið að vinna sína eigin svæðisáætlun og er sú vinna komin á fullt. Yfirferð samþykktar um meðhöndlun úrgangs verður tekin samhliða. Vonast er til að svæðisáætlun og ný samþykkt geti tekið gildi í júlí á þessu ári.“

„Erum í innleiðingarferli og höfum ráðið sérfræðing til að aðstoða okkur við það, stefnum að nýja fyrirkomulagið verði komið í framkvæmd í haust.“

„Ég vil þakka fyrir mikla aðstoð frá sambandinu og gott utanum hald. Ég er ein í þessum málaflökki fyrir sveitarfélagið og þarf að koma mér inn í allt um leið og ég kem mér inn í þetta mjög viðamikla herbergi svo ég þarf mikið á aðstoð að halda. Þið veitið hana og gefið ykkur alltaf tíma í spjall og veitið góð ráð.“

„Sveitarfélögin á svæðinu hafa verið í fjórflokka söfnun við heimili í þéttbýli og dreifbýli í 4 ár og 5 flokka söfnun í jafn langan tíma við grenndarstöðvar. Hér hefur skapast nokkur þekking og reynsla af þessu fyrirkomulagi og er velkomið að veita upplýsingar um árangur sé þess óskað.“

„Vinna við innleiðingu er í fullum gangi á höfuðborgarsvæðinu sem búið er að leggja mikla vinnu í og ég vil hvetja önnur og minni sveitafélög til að notfæra sé þá vinnu til að aðstoða við innleiðingu.“

„Það þarf að skoða betur þann gríðar kostnað sem hlíst að lífræni söfnun.“

„Áfram svona -Sambandið hefur unnið mjög með sveitarfélögnum, haldið þeim við efnið og veitt ómetanlega aðstoð.“

„Vegna fjarlægðar frá endurvinnslustöðvum og aðstöðuleysis á móttökustöð í sveitarfélaginu hefur sveitarfélagið er verið að leggja í miklar framkvæmdir til að geta í raun uppfyllt ákvæði í lögum 102/2021. Ennfremur þarf að fara í samningaviðræður við verktaka um sorphirðuna og breyta þeim samningi í samræmi við löggin.“

„Okkur langar að gera okkur besta og ætlum að sækja meira aðstoð frá Sambandi.“


„Frábært og proaktívt viðbragð sambandsins í úrgangsmálum. Kannski hefði mátt skoða betur útfærslur í dreifbýli í aðdragandanum. Mikil áhersla á höfuðborgarsvæðið.“

„Eins og áður er fram komið hefur söfnun og flokkun verið lengi með þeim hætti að er nálægt nýrri lagaskyldu. Því er frekar einfalt að aðlaga okkar kerfi að nýjum lögum.“

Hluti 2. Spurningar 20 til 32 – Breytt innheimta og endurskoðun gjaldskrár


Spurning 20. Hefur sveitarfélagið hafið innheimtu fyrir meðhöndlun úrgangs eftir Borgað þegar hent er kerfi eins og lög 103/2021 gera ráð fyrir?

Hefur sveitarfélagið hafið innheimtu eftir “Borgað þegar hent er” (BPHE) kerfi þegar kemur að innheimtu fyrir meðhöndlun úrgangs eins og lög 103/2021 gera ráð fyrir?




Spurning 21. Hver er staðan á endurskoðun gjaldskrár fyrir meðhöndlun úrgangs m.t.t. Borgað þegar hent er innheimtu?

Hver er staðan á endurskoðun gjaldskrár með tilliti til BPHE innheimtu?




Spurning 22. Sveitarfélagið stefnir að/hefur þegar innleitt BÞHE kerfi við heimili og notast við eftirfarandi leið til að meta magn og tegund úrgangs:

Sveitarfélagið stefnir að eða hefur þegar innleitt BÞHE kerfi við heimili og notast við eftirfarandi leið til að meta magn og tegund úrgangs:




Spurning 23. Sveitarfélagið stefnir að/hefur þegar innleitt BÞHE kerfi á grenndarstöðvum og notast við eftirfarandi leið til að meta magn og tegund úrgangs:

Sveitarfélagið stefnir að eða hefur þegar innleitt BÞHE kerfi á grenndarstöðvum og notast við eftirfarandi leið til að meta magn og tegund úrgangs:



Spurning 24. Sveitarfélagið stefnir að/hefur þegar innleitt BPHE kerfi á söfnunar- og móttökustöðvum og notast við eftirfarandi leið til að meta magn og tegund úrgangs:

Sveitarfélagið stefnir að eða hefur þegar innleitt BPHE kerfi á söfnunar- og móttökustöðvum og notast við eftirfarandi leið til að meta magn og tegund úrgangs:



Spurning 25. Ef valið var svarmöguleikinn „annað“ í einhverri af síðustu þremur spurningum, hvaða útfærslu er átt við?

„Rúmmál íláta við heimili - val íbúa er takmarkað. Greiðsluleiðir á grenndarstöð - einungis ein grenndarstöð er komin upp, inni á aflokuðu sumarhúsasvæði (200 sumarhús) Eigendur sumarhúsanna greiða fast gjald.“

„Sveitarfélagið hefur innleitt BÞHE gjaldskrá fyrir söfnunarstöðina þar sem markmiðið er að mynda hvata fyrir handhafa úrgangs að flokka sem best. Það sem er óendurvinnanlegt og fer í urðun ber hæsta gjaldið á meðan endurvinnanlegt efni s.s. pappír og plast er gjaldfrjálst. Það er hins vegar spurning hversu lengi sveitarfélagið getur haldið áfram að bjóða handhöfum úrgangs að losa sig gjaldfrjálst við endurvinnsluefni í ljósi hliðgjalda ráðstöfunaraðila. Á seinni hluta ársins verður innleidd BÞHE gjaldskrá fyrir söfnun við heimili en hún mun taka gildi á nýju ári.“

„Engar ómannaðar grenndarstöðvar eru í sveitarfélaginu.“

„Grenndarstöðvar í sveitarfélaginu munu eingöngu taka við gleri, málmum og textíl í samræmi við lög um BÞHE. Ekki er greitt sérstaklega fyrir notkun á þessum grenndarstöðvum.“

„Ekki eru grenndarstöðvar í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn hefur ekki mótað sér stefnu í BÞHE en starfshópur um málin hefur mikinn áhuga á að taka þátt í hraðli við að innleiða það en hefur ekki haft mannskap /tíma til innleiðingarnar.“

„Á ekki við.“

„Við höfum ekki enn spáð í þessu varðandi grenndarstöðvarnar.“

„Sveitarfélagið hefur ekki tekið ákvörðun um fóm innheimtu eftir árið 2023. Sveitarfélagið hefur til þessa ekki innheimt gjald fyrir úrgang/endurvinnsluefni sem skilað er á móttökustöð. Áhyggjur af að ef farið verður að rukka fyrir magn, muni skil versna, t.d. frá dreifbýli, ss. dýrahæ.“

„Kaupum þessa þjónustu af öðru sveitarfélagi.“

„Að öllum líkindum verður flestum grenndarstöðvum lokað við þessa breytingu og gert ráð fyrir öllum úrgangi á móttökustöð sveitarfélagsins.“

„Sveitarfélagið rekur ekki söfnunar- eða móttökustöð. Sveitarfélagið er með ómannaðar grenndarstöðvar í nágrenni við sumarhúsahverfi, alls 10 stöðvar enda talsverð sumarhúsabyggð í sveitarfélaginu.“


„Þessi mál eru í skoðun; móttökustöðin er lítil og það verður áskorun að innleiða BÞHE við núverandi aðstæður. Ekki liggur fyrir hvaða leið verður valin og þegar innleiðing breytinga við sorphirðu við heimili verður komin vel á veg verður næsta skref að huga að grenndarstöðvum og móttökustöð.“

„Við munum hafa mönnun á tilteknum afgreiðslutíma. Það verður því ekki ómönnuð grenndarstöð, heldur mönnuð móttökustöð með takmarkaðan opnunartíma. Við erum þó að hugsa um að hafa "botnlangastöðvar" á nokkrum stöðum í þorpinu. Þær verða ómannaðar. Óljóst með innheimtu.“

„Það eru engar grenndarstöðvar í sveitarfélaginu.“


Spurning 26. Ef farin er rúmmálsleiðin við heimili, hvernig verður tekið við beiðnum um breytingar á þjónustu?

Ef farin er rúmmálsleiðin við heimili, hvernig verður tekið við beiðnum um breytingar á þjónustu?




Spurning 27. Takið afstöðu til eftirfarandi fullyrðingar: „Sveitarfélagið mun ná að innheimta a.m.k. 75% kostnaðar sem breytilegt gjald árið 2025.“

Takið afstöðu til eftirfarandi fullyrðingar „Sveitarfélagið mun ná að innheimta a.m.k. 75% kostnaðar sem breytilegt gjald árið 2025“




Spurning 28. Hversu líklegt er að gjöld vegna meðhöndlun úrgangs verði áfram innheimt með fasteignagjöldum í gegn um álagningakerfi HMS þegar BPHE kerfi er innleitt?

Hversu líklegt telur þú að gjöld vegna meðhöndlunar úrgangs verði áfram innheimt með fasteignagjöldum í gegnum Álagningarkerfi Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar þegar BPHE kerfi er innleitt?




Spurning 29. Hvað af eftirfarandi innviðum er líklegt að muni vera fjárfest í til að innleiða eða þróa áfram BPHE kerfi í sveitarfélaginu?

Hvað af eftirfarandi innviðum er líklegt að muni vera fjárfest í til að innleiða eða þróa áfram BPHE kerfi í sveitarfélaginu?




Spurning 30. Hvað af eftirfarandi útgjaldaliðum vegna meðhöndlunar úrgangs gæti sveitarfélagið tekið saman vegna kostnaðar vegna söfnunar við heimili á vegum sveitarfélagsins hvort sem það sinnir þjónustunni sjálft eða í gegnum samning við þjónustuaðila?

Hvað af eftirfarandi útgjaldaliðum vegna meðhöndlunar úrgangs sem safnast við heimili, gæti sveitarfélagið tekið saman?



Spurning 31. Hvað af eftirfarandi útgjaldaliðum vegna meðhöndlun úrgangs gæti sveitarfélagið tekið saman vegna kostnaðar vegna rekstur grenndar-, söfnunar- og móttökustöðva á vegum sveitarfélagsins hvort sem það sinnir þjónustunni sjálft eða í gegnum samning við þjónustuaðila?

Hvað af eftirfarandi útgjaldaliðum vegna meðhöndlun úrgangs á grenndar- söfnunar- og móttökustöðvum gæti sveitarfélagið tekið saman?



Spurning 32. Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri? Til dæmis athugasemdir við spurningarnar, spurningar til okkar eða upplýsingar sem þú telur koma okkur til góða í okkar vinnu.

„Helstu álitamál hér snerta það hvort íbúar geti afþakkað ílát fyrir lífrænan úrgang og þar með sloppið við gjaldið.“

„Ekkert sérstakt sem stendur.“

„Skildi ekki nógu vel hvað var átt við með spurningum 13 og 14.“

„Þessu er svarað miðað við stöðu hjá okkur 27. Mars.“

„Engar athugasemdir.“

„Í sveit þar sem menn fara hægt í breytingar getur oft vertið þreytandi þegar sveitarstjórnarfolk gefur samþykki á framtíðina með hraða skjaldbökkunnar. Það tekur mestan tíma í að láta þau sjá ljósið að það er ekki sveitarfélagsins að greiða fyrir losun íbúa. Sveitarstjórnarfolkið er jákvætt út á við en þegar það er komið á lokaðan fund þá eru lappirnar dregnar þar sem þetta hefur áhrif á hagi fólks innan sveitarstjórnar.“

„Við erum í byrjunarfasa að breyta sorpmóttökustöð til að geta tekið upp annað kerfi við móttöku, flokkun, förgun og flutning sorps.“

„Sorghirða í sveitarfélaginu er í höndum sameignarfélags með fleiri sveitarfélögum.“

„Könnun of löng og ruglingsleg.“

„Ekki að svo stöddu.“

„Breytingar í sambandi við innleiðingu hringrásarhagkerfisins eru í skoðun ásamt BÞHE, margt komið vel á veg en annað styttra. Alltaf verið að vinna í þessu samt.“

„Könnunin er full nákvæm og innheimtir talsverða vinnu.“

„Áfram gakk.“

„Upplýsandi könnun.“

„Sveitarfélagið hefur verið með þróunarsamning við sama þjónustuaðilann. Sveitarfélagið hefur afar takmarkaðar upplýsingar.“

„Spurningarnar passa oft ekki við fámenn sveitarfélög úti á landi, þar sem að fólk sér að einhverju leiti sjálf um sorpmál.“

„Gegnsæi er almennt mjög lítið í þessum málaflokki og það helsta sem unnið er með er heildarkostnaðartalan.“

„Við erum komin of stutt af staða með málið til að geta svarað að nákvæmni.“

„Hef ekki athugasemdir við þessar spurningar.“

„Í fleiri spurningum mætti vera val um fl. en einn möguleika svars.“

„Hér erum við varla komin af stað í þessa vegferð. Þurfum, engin spurning, aðstoð við innleiðinguna vegna mannfæðar.“


„Mér finnst tilgangur með spurningum 13 og 14 aðeins óljós og er ekki viss með að svörin séu 100% en reyndi mitt besta. Einnig eru aðstæður mjög mismunandi í sveitfélögum og stundum mætti hugsa aðeins betur út í það í svarmöguleikum.“

„Áfram svona!“

„Nei, nema kannski að allt er þetta í mótun ennþá. Stefnan er skýr, en innleiðing í mótun.“

Hluti 3. Spurningar 33 til 46 – Fyrirkomulag úrgangssöfnunar


Spurning 33. Hversu mörg stöðugildi hjá sveitarfélaginu tengjast úrgangsstjórnun?



Spurning 34. Hverju er sérstaklega safnað frá heimilum í sveitarfélaginu? Merkið við allt sem við á.


Athugið að með hugtakinu sérstök söfnun er átt við söfnun þar sem úrgangsflokkum er haldið aðskildum eftir tegund og eðli til að auðvelda tiltekna meðhöndlun, svo sem undirbúning fyrir endurnotkun eða endurvinnslu. Athugið að hægt er að merkja við margt í einu, merkið við allt sem við á.

Hverju er sérstaklega safnað frá heimilum í sveitarfélaginu?




Spurning 35. Hverju er sérstaklega safnað frá lögaðilum (rekstraraðilum) í sveitarfélaginu?
 Athugið að hægt er að merkja við margt í einu, merkið við allt sem við á.

Hverju er sérstaklega safnað frá lögaðilum í sveitarfélaginu?




Spurning 36. Er sérstök söfnun heimilisúrgangs í sveitarfélaginu í samræmi við lög nr. 103/2021?




Spurning 37. Ef nei, hvenær er áætlað að sérstök söfnun í samræmi við lög nr. 103/2021 verði komin í framkvæmd?

Ef nei, hvenær er áætlað að sérstök söfnun í samræmi við lög nr. 103/2021 verði komin í framkvæmd?




Spurning 38. Veljið allt sem við á um skipulag og hönnun mannvirkja í sveitarfélaginu:

Veljið allt sem við á um skipulag og hönnun mannvirkja í sveitarfélaginu:




Spurning 39. Veljið allt sem á við um söfnun lífúrgangs í sveitarfélaginu:

Veldu allt sem á við um söfnun lífúrgangs í sveitarfélaginu:




Spurning 40. veljið allt sem á við um meðhöndlun textíls í sveitarfélaginu:

Veldu allt sem á við um meðhöndlun textíls í sveitarfélaginu:




Spurning 41. Stendur til að bjóða út eftirfarandi verkefni á næstu 12 mánuðum?




Spurning 42. Hver er reynslan af framkvæmd umsaminna verkefna tengdum meðhöndlun úrgangs á samningstíma við þjónustuaðila?

Hver er reynslan af framkvæmd umsaminna verkefna tengdum meðhöndlun úrgangs á samningstíma við þjónustuaðila?



Spurning 43. Frá áramótum á Úrvinnslusjóður að greiða fyrir sérstaka söfnun á pappír og pappa, plasti, gleri, málmum, viði, spilliefnum og öðrum umbúðum og vörum sem bera úrvinnslugjald. Greiðslurnar miðast við upplýsingar frá skráðum þjónustuaðila Úrvinnslusjóðs sem oftast er verktaki sem sveitarfélagið semur við. Hvaða undirbúningur hefur átt sér stað innan sveitarfélagsins vegna þessara breytinga?

Hvaða undirbúningur hefur átt sér stað innan sveitarfélagsins vegna breytinga á starfsemi Úrvinnslusjóðs?



Spurning 44. Vinsamlega tilgreinið annars konar undirbúning sem átt hefur sér stað:

„Í samningi um sorphirðu kemur fram að tekjur úr úrvinnslusjóði skuli renna til verktaka.“

„Erum að skipuleggja framtíðarskipun úrgangsmála.“

„Ekki liggur alveg ljóst fyrir, vegna óskýrra ákvæða í útboði, hvort að endurgreiðslur frá Úrvinnslusjóði eiga að renna til sveitarfélagsins eftir að rekstraraðili tekur við þeim og þá vegna hvaða flokka. Útboð var klárað áður en tiltekin atriði, eins og varðandi úrvinnslusjóð, voru klárað.“


„Innleiðing á BÞHE er í vinnslu, drög hafa verið lögð að nýjum samþykktum og nýrri gjaldskrá sem tekur gildi 1. janúar 2024.“

„Sorpa mun sjá um skila á upplýsingum um söfnun og meðhöndlun endurvinnsluefna sem bera úrvinnslugjald til Úrvinnslusjóðs. Tryggt verður að uppruni (póstnúmer) sé skráð hjá Sorpu.“

„Sveitarfélagið er að endurskipuleggja móttöku og flokkunarstöð fyrir sorp. Samningur um sorphirðu rennur út um næstu áramót og verktaki er ekki tilbúinn að framlengja hann vegna fjarlægðar og mjög hás flutningskostnaðar. Sveitarfélagið er með endurskipulagningu allra sormála á teikniborðinu í ljósi nýrrar móttökustöðvar og fjarlægðar við flutning.“

Spurning 45. Úrvinnslusjóður greiðir einungis skráðum þjónustuaðilum fyrir ráðstöfun úrgangs og flutning. Sveitarfélög geta orðið þjónustuaðilar Úrvinnslusjóðs og fengið greiðslurnar beint til sín. Hvernig er greiðslum háttáð úr Úrvinnslusjóði vegna úrgangs sem til fellur í sveitarfélaginu?

Hvernig er greiðslum háttáð úr Úrvinnslusjóði vegna úrgangs sem til fellur í sveitarfélaginu?



Spurning 46. Vinsamlega tilgreinið ef fyrirkomulag er með öðrum hætti:

„Einu greiðslur sem sveitarfélagið fær frá Úrvinnslusjóði eru vegna móttöku, meðhöndlunar og flutnings ökutækja.“

„Verkefnið varðandi úrvinnslu er enn óleyst, við leitum upplýsinga og reynum að koma vafamálum á hreint.“

„Unnið er að útfærslu.“

„Við erum í ákveðnu millibils ástandi þar sem að við erum með sérsamninga við verktaka um einstaka verkþætti. Verið er að leggja lokahönd á útboðsgögn fyrir sorphirðu, rekstur söfnunarstöðvar og rekstur urðunarstaðar ásamt jarðgerð. Sveitarfélagið fær til sín flutningsjöfnun fyrir flutning á endurvinnsluefnum í gegnum verktaka.“

„Gert er ráð fyrir að greiðslur frá 1.1.2023 komi beint til sveitarfélags.“

Spurning 47. Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri? Til dæmis athugasemdir við spurningarnar, spurningar til okkar eða upplýsingar sem þú telur koma okkur til góða í okkar vinnu.

„Vegna sameiningar er málaflókkurinn í algerri endurskoðun og m.a. óvíst hvort að þetta verður boðið út eða að við prófum að gera þetta sjálf.“

„Spurningu 6 var erfitt að svara því ekki á sama við alls staðar.“

„Ég myndi vilja að Sambandið og sveitarfélög úti á landi beittu sér fyrir því að fá flutningsjöfnun á matarleifar svo unnt sé að tryggja sem bestan farveg fyrir þær. Sem dæmi gætum við sent matarleifar úr sveitarfélaginu í GAJU en það er löng vegalengd, kostnaðarsöm og kannski ekki mjög umhverfisvæn. Hins vegar væri aukinn hvati til að senda matarleifar suður ef kostnaðurinn væri lægri. Útfærslan gæti verið flókin því úrvinnslugjald er ekki lagt á lífrænar vörur líkt og með vörur í plast eða pappambúðum.“

„Sveitarfélagið á í erfiðleikum með að bjóða út sorphirðu, flutning og móttöku vegna fjarlægðar frá úrvinnslustöðvum og urðunarstað.“